

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 116/2014

2014/EES/71/04

frá 27. júní 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar  
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 209/2013 frá 11. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar örverufræðilegar viðmiðanir fyrir spírur og reglur um töku sýna úr alifuglaskrokkum og nýju alifuglakjöti <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/2013 frá 22. júlí 2013 um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar faggildingu opinberra rannsóknarstofa sem annast opinberar prófanir vegna tríkínu og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2009 <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 149. lið (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1152/2011) í hluta 1.2:  
„150. **32013 R 0702**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/2013 frá 22. júlí 2013 um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar faggildingu opinberra rannsóknarstofa sem annast opinberar prófanir vegna tríkínu og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2009 (Stjtið. ESB L 199, 24.7.2013, bls. 3).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist í 52. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í hluta 6.2:  
„– **32013 R 0209**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 209/2013 frá 11. mars 2013 (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 19).“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32013 R 0209**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 209/2013 frá 11. mars 2013 (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 19).“

*3. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 209/2013 og (ESB) nr. 702/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 199, 24.7.2013, bls. 3.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.